

Minnisblað

Dagsetning: 28.11.2023
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2023 – Eldborg í Bláfjöllum

Eldborg í Bláfjöllum er gjall og klepragígur sem er staðsettur austan við fjallið Drottningu í Bláfjöllum. Hraun sem nefnist Húsfellsbruni (sem oft er skipt upp í fleiri einingar) hefur að hluta til komið upp í Eldborg en að auki hefur það runnið úr öðrum gígum og sprungum sem má finna víða í nágrenninu. Talið er að Eldborg og Húsfellsbruni hafi myndast í jarðhræringum um 950.¹ Svæðið var friðlýst sem náttúruvætti árið 1971 og nær friðlýsingin yfir nánasta umhverfi svæðisins en það inniheldur fjölbreyttar jarðminjar svo sem minni gíga og hrauntraðir. Svæðið er einnig innan Bláfjallafólkvangs sem friðlýstur var árið 1973. Einnig er hraunið nútímahraun sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. grein laga um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun hefur haft eftirlit með svæðinu og ráðist í ýmsar framkvæmdir á því svo sem lagningu stíga, uppgræðslu á mosa, lokun villistíga og uppsetningu fræðsluskilta. Enn er þó talin þörf á úrbótum en í ástandsmati Umhverfisstofnunar frá 2022 segir: „Bæta þarf umsjón á svæðinu og fylgjast með að ekki myndist fleiri villustígar jafnvel með mosaágræðslu. Setja þarf mól í stíga á blautum köflum. Endurgera þarf skilti og bæta við korti með merktum gönguleiðum. Viðhalda þarf stikum og bæta við hærri vetrarstikum þar sem snjór safnast fyrir. Vinna þarf stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.“²


Framkvæmd

Starfsfólk Náttúrustofu Suðvesturlands fór í vettvangsferð um svæðið þann 7. júní 2023. Lagt var við bílastæði sem búið er að útbúa við upphaf gönguleiðarinnar, þaðan svo gengið eftir stíkuðum stíg upp á Eldborgina og loks niður meðfram hrauntröð sem liggur í átt að fellinu Drottningu. Snjallforritið FieldMaps var notað til að mynda og færa inn í gagnagrunn upplýsingar um stíga, gróðurskemmdir og jarðminjar. Þar sem því var komið við var notuð rauð og hvít tveggja metra löng mælistika sem viðmið á myndunum. Að lokum var dróna flogið yfir svæðið svo hægt væri að útbúa loftmynd (1. mynd) sem getur nýst við að bera saman ástand svæðisins milli ára.

○ Jarðminjar

— Villu- eða hentistígar

--- Stikuð gönguleið



1. mynd. Loftmynd útbúin með dróna. Búið er að merkja inn stikuðu gönguleiðina (svört lína), villu- eða hentistíga (rauð lína) og helstu jarðminjar. Jarðminjarnar eru, 1. Aðalgígur (Eldborgargígur), 2. minni hliðargígur, 3. hrauntraðir.


Ástandsmat og frumniðurstöður

Bílastæði er við Bláfjallaveg þar sem gönguleiðin hefst, það er úr möl, rúmar um það bil 6 bíla og er afmarkað með grjóthnullungum. Ekkert skilti bendir á bílastæðið, sem getur því farið fram hjá ferðamönnum. Við bílastæðið eru undirstöður fyrir skilti en sjálf skiltið vantar. Gönguleiðin er stikuð frá bílastæðinu og upp á Eldborgina. Þar sem stígurinn liggur niður Eldborgina í átt að Drottningu er búið að koma fyrir bandi til að styðjast við á og leggja steypustyrktarjárn þvert á stíginn til að auka grip (2. mynd).

Víða má sjá för í mosanum sem líkast til eru eftir ferðamenn á göngu og þar sem búið er að stika gönguleið skortir gjarnan afmarkanir til að koma í veg fyrir að stígurinn breikki óhóflega (3. mynd). Einna mest áberandi eru för sem liggja í halla niður brekku norðan við Eldborgina (4. mynd).



2. mynd. Hér má sjá hvernig steypustyrktarjárn er notað til að auka grip á stíg og halda uppi bandi til stuðnings og afmörkunar.



3. mynd. Þar sem stígurinn er á köflum illa afmarkaður hefur hann orðið óhóflega breiður.



4. mynd. För í mosa í brekku norðan við Eldborgina. Erfitt er að meta hvernig slík för myndast, hvort þau séu eftir göngufólk, vélhjólafólk eða vatnsrennsli.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Samkvæmt skýrslum Umhverfisstofnunar um ástandsmat áfangastaða innan friðlýstra svæða hafa þær framkvæmdir sem ráðist hefur verið í til að hlífa jarðminjum og mosa skilað þeim árangri að svæðið er komið á lista yfir græna áfangastaði sem standa vel.² Þó svo að svæðið sé ekki í brýnni hættu er ljóst að gönguleiðin er nokkuð illa afmörkuð á köflum og hætt við að gróðurskemmdir við hana muni aukast. Því er lagt til að svæðið verði tekið út aftur að nokkrum árum liðnum.

Heimildir

1. Kristján Sæmundsson, Magnús Á. Sigurgeirsson, Árni Hjartarson, Ingibjörg Kaldal, Sigurður Garðar Kristinsson & Skúli Víkingsson 2016. Jarðfræðikort af Suðvesturlandi. 1:100 000. jardfraedikort.is (skoðað 23.11.202)
2. Umhverfisstofnun. 2022. *Ástandsmat áfangastaða innan friðlýstra svæða*. <https://www.ust.is/library/sida/Nattura/%c3%81standsmat%20fer%c3%b0amannasta%c3%b0a%20innan%20fri%c3%b0l%c3%bdstra%20sv%c3%a6%c3%b0a-2022.pdf>